

~~Ísl. 21/11/58~~

Nauðsyn sannmælis

Einhverntíma vildi svo til, að ég sá ritað ummann, sem ég eftir langa viðkynningu, hiklaust taldi vera mesta óhræsið, sem ég hafði fyrirhitt, svo sem væri betta mannkostamaður og menningarfrömuður. Mér virtist hin mesta nauðsyn á að mótmæla slíkum öfugmælum, og gerði það mjög hógværlega; en ekki fékk ég bau mótmæli prentuð. Nú ætla ég að vona, að betur takist, þegar ég er að reyna til að leiðréttá á hinn veginn. Mig hefir satt að segja furðað á því, að sjá ekki koma fram nein mótmæli þegar því hafði verið haldið fram á prenti, að Jón Eyþórsson veðurfræðingur, væri ekki einungis leiðinlegasti ræðumaður Útvarpsins, heldur jafnvel leiðinlegasti maður á Íslandi. Verð ég að segja, að mér hefir fundizt mjög á hinn veginn, því að Jón Eyþórsson hefir verið í tölu þeirra starfsmanna Útvarpsins, sem ég vildi einna sízt missa af að hlýða á. Kemur þar til mikil þekking hans í náttúrufræði og á landinu, og að því er mér virðist, ótvíraðir hæfileikar til að segja ljóst og skemmtilega frá.

Í eitt skipti er ég hefi á hann hlýtt, varð honum skyssa á eða smekkleysa, sem þó ekki virtist ástæða til að gera mikið veður út af, og ég furðaði mig síður á, vegna þess að Útvarpsráð hafði þá nokkru áður, hafnað erindi

sem ég bauð því. En síkt er ekki giftusamlegt, og mér er kunnugt um, að ýmsir þeir vinir mínr, sem ég treysti bezt til greindar, líta svo á sem Útvarpinu muni varla hafa betra boðist en einmitt það erindi.

Að endingu skal ég geta þess, að ég hefi þá sérstöku ástæðu til að vilja leggja Jóni Eyþórssyni liðsyrði þegar á hann er ráðið, að hann hefir unnið að og staðið fyrir verki, sem ég tel mjög mikilsvert að fá framkvæmt. En það er að mæla þær merkilegu og bráðu breytingar, sem nú eru að verða á skriðjöklunum hér á landi.

2. nóv.

Helgi Pjeturss

Ath. Blaðið Vísir hefir undanfarið lagt Jón mjög í einelti, og mun ekki hafa viljað birta þessa grein, þó að dr. Helgi skrifi að staðaldri í það blað.